

133. löggjafarþing 2006–2007.  
Þskj. 1060 — 680. mál.

## Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um námsframboð og afdrif starfsmanna eftir sameiningu Tækniháskóla Íslands við Háskólann í Reykjavík.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvaða námsleiðir voru áður kenndar í Tækniháskóla Íslands en hafa nú verið lagðar niður eða er fyrirhugað að leggja niður eftir sameiningu hans við Háskólann í Reykjavík?
2. Hver var fjöldi starfsmanna, fastráðinna og lausráðinna, við Tækniháskóla Íslands fyrir sameiningu hans við Háskólann í Reykjavík, sundurliðað eftir starfsheitum?
3. Hversu margir starfsmenn Tækniháskóla Íslands, fastráðnir og lausráðnir, hafa sagt upp eða látið af störfum eftir sameiningu hans við Háskólann í Reykjavík, sundurliðað eftir starfsheitum?

Skriflegt svar óskast.